

**16. fundur Velferðar- og mannréttindaráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð,  
Stillholti 16-18,  
1. júlí 2015 og hófst hann kl. 16:00**

**Fundinn sátu:**

Vilborg Þ. Guðbjartsdóttir formaður, Einar Brandsson varaformaður, Ingibjörg Pálmadóttir aðalmaður, Gunnhildur Björnsdóttir áheyrnarfulltrúi og Jón Hrói Finnsson sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs.

**Fundargerð ritaði:** Jón Hrói Finnsson, sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs.

**Fyrir tekið:**

**1. 1506173 - Bókun stjórnar SSV um málefni fatlaðra**

Lagt fram til kynningar bréf Páls Brynjarssonar, fyrir hönd stjórnar Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi, til Karls Björnssona framkvæmdastjóra Sambands íslenskra sveitarfélaga, varðandi fjárvéitingar ríkisins til málefna fatlaðra, dags. 22. júní 2015.

*Velferðar- og mannréttindaráð tekur undir bókun stjórnar SSV og beinir því til samtakanna að tryggt verði að ráðherra og ráðuneyti félagsmála verði upplýst um bókunina.*

**2. 1502210 - Fjárhagsáætlun 2016**

Lögð fram til kynningar verk- og tímaáætlun vegna vinnu við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2016, sem samþykkt var á fundi bæjarráðs þann 18. júní sl.

**3. 1501209 - Þjónusta vegna búsetu og stuðningsþjónusta**

Sjá trúnaðarbókun Velferðar- og mannréttindaráðs.

**4. 1506179 - Átak i forvörnum gegn kynferðisofbeldi**

Lögð fram tillaga bæjarstjóra og sviðsstjóra, um að leitað verði eftir samstarfi við aðra aðila á svæðinu sem málið er skylt, s.s. Lögreglu, Heilbrigðisstofnun Vesturlands og Fjölbautarskóla Vesturlands um stofnun samráðshóps um forvarnir gegn kynferðisofbeldi. Hlutverk hópsins væri m.a. að undirbúa fræðslu fyrir ungmanni á Akranesi um hvað kynferðislegt ofbeldi er og hvaða afleiðingar það hefur á heilsu og líf þolenda.

*Velferðar- og mannréttindaráð samþykkir að fela sviðsstjóra að undirbúa stofnun forvarnarhóps með þátttöku starfsfólks á velferðar- og mannréttindasviði og skóla- og frístundasviði, í samvinnu við lykilstofnanir á borð við Lögregluna á Vesturlandi, heilsugæsluna á Akranesi og Fjölbautarskóla Vesturlands með það að markmiði að undirbúa fræðslu fyrir ungmanni á Akranesi um hvað kynferðislegt ofbeldi er og hvaða afleiðingar það hefur á heilsu og líf þolenda.*

**5. 1506191 - Ósk um samstarf varðandi barna- og fjölskylduvernd**

Í tölvupósti frá 3. júní 2015 óskar Sigrún Júlíusdóttir, fyrir hönd stjórnar Rannsóknarstofnunar í barna- og fjölskylduvernd eftir samstarfi við Akraneskaupstað.

*Velferðar- og mannréttindaráð þakkar erindið en telur sér ekki fært að þiggja boðið um samstarf að svo stöddu.*

**6. 1411152 - Vesturgata 102 - breytingar**

Farið yfir stöðu mála varðandi erindi um undanþágu frá viðmiðum reglugerðar 1054/2010, um þjónustu við fatlað fólk á heimili sínu, um lágmarksstærðir íbúða og rætt um næstu skref.

*Sviðsstjóri upplýsti um samskipti við ráðuneyti félagsmála varðandi erindi um undanþágu. Formlegt svar hefur ekki borist.*

**7. 1502133 - Eignarhald og rekstur bifreiðar UI-241**

Farið yfir stöðu málsins og kynntar tillögur að lausn þess sem ræddar hafa verið á fundum með aðstandendum.

*Sviðsstjóra falið að halda áfram viðræðum við aðila skv. umræðum á fundinum.*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:10.**

Vilborg P. Guðbjartsd.  
Einar Þórður  
Guðnildur Þj.  
þurðsóra

VG